

REGLUGERÐ

ÍSLANDSMÓT Í PARASVEITAKEPPNI

SPILASTAÐUR: Ákveðinn af BSÍ hverju sinni
KEPPNISSTJÓRI: Skipaður af BSÍ hverju sinni
DÓMNEFND: DÓMNEFND BSÍ

1. Spiluð er sveitakeppni, allir við alla. Leyfilegt er að nota 6 spilara í hverri sveit. Umferðafjöldi og spilafjöldi milli sveita ræðst af þáttöku. Spiluð skulu því sem næst. 100 spil. Spilarar eru ábyrgir að skoða úrslit eins og þau eru birt í samræmi við það sem er skráð í borðtölvurnar.
2. Skyld er að pör framvísi kerfiskorti. Öll kerfi eru leyfð að undanskyldum gulum kerfum, þ.e. mjög óvenjuleg kerfi ss. sterkt pass og sagnir á 1. sagnstigi sem lýsa spilum undir opunarstyrk. Nota skal Alert og aðvaranir samkvæmt útgefnum leiðbeiningum frá BSÍ. Nota skal STOP viðvörðunina þegar stokkið er yfir sagnstig.
3. Allt tal um spilin í spilasal er bannað, og komi fram kvörtun vegna brots á þessari reglu er viðkomandi sektaður án aðvörðunar um a.m.k. 1 vinningsstig.
4. Allar áfrýjanir á úrskurði keppnisstjóra skulu vera skriflegar og berast keppnisstjóra innan 30. mínútna frá lokum hverrar umferðar. Tryggingarfé, að upphæð kr. 10.000 skal fylgja hverri áfrýjun. Líti dómnefnd svo á að áfrýjun hafi verið eðlileg, verður tryggingarfénu skilað, að öðrum kosti rennur það til uppbyggingar á sjóði til menntunar keppnisstjóra.
5. Sú sveit sem flest stig hlýtur að loknum öllum umferðunum telst sigurvegari í mótinu og þar með Íslandsmeistari í parasveitakeppni. Ef tvær eða fleiri sveitir verða í sömu sætum úrskurðast röð samkvæmt keppnisreglugerð BSÍ
6. Öll ölvun og meðferð áfengra drykkja er bönnuð í keppninni og varðar brottvísun úr mótinu og keppnisbanni og verður tilkynnt til stjórnar BSÍ.
7. Tóbaksnotkun í keppnissölum eru bönnuð.
8. Spilarar mega hafa farsíma sinn við borðið, en bannað er að fara með farsíma sinn frá spilaborðinu.
9. Gullstig eru veitt fyrir hvern leik: 1 stig á mann fyrir unninn leik (13+ stig) og 0,50 fyrir jafntefli (12,99 – 7,01). Einnig uppbótarstig fyrir 4 efstu sætin. Fyrirliðar hverrar sveitar bera ábyrgð á að skila nákvæmlega útfylltum blöðum þar að lútandi. Sé stigablaðinu ekki skilað falla stigin niður.
10. Spilað er að öllu leyti eftir alþjóðalögum í bridge.